

## AUGLÝSING

### um breytingu á gjaldskrá fyrir sorphirðu og sorpeyðingu á Fljótsdalshéraði nr. 233/2005.

#### 1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 1. gr.:

B. liður og tvær síðustu málsgreinar falla niður.

C. liður verði B. liður.

Við 1. gr. bætist eftirfarandi ákvæði:

C. Óski greiðendur eftir stærri/fleiri sorphílátum skal greiða hlutfallslega aukningu á rúmmáli sorphíláts út frá grunn gjaldi:

370 l tunna: 18.200 kr. (11.100 förgunargjald + 7.100 hirðugjald)

1 aukatunna: 28.100 kr. (14.000 förgunargjald + 14.100 hirðugjald)

D. Óski greiðendur eftir því að sorphirða verði eingöngu í annað hvert skipti, þ.e. á 20 daga fresti er greitt hálf grunn gjald:

½ sorphirða: 7.050 kr. (3.500 förgunargjald + 3.550 hirðugjald)

Sækja þarf um hálf sorphirðu fyrir 30. janúar ár hvert. Ekki er tekið annað sorp en það sem er í sorphílátum sem greitt er fyrir í hvert sinn.

#### 2. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 3. grein:

Eftirtaldir gjaldskrárliðir falla út:

Olíuúrgangur, s.s. olíusíur, ódælanlegur úrgangur  
og olíumengaður jarðvegur, tvistur o.fl.

56            69,7

Sólarhringsgjald fyrir trjákurllara

2.500        3.113

Bylgjupappi, dagblöð, tímarit, skrifstofupappír  
og annar pappír tækur til endurvinnslu

5,75        7,2

Eftirtöldum gjaldskrárliðum er bætt við greinina:

Gagnaeyðing

70            87,15

Olíusíur

56            69,7

Olíuúrgangur s.s. ódælanlegur úrgangur og olíumengaður  
jarðvegur, tvistur o.fl.

125           149,4

Losunargjald pr. sorptunnu hjá fyrirtækjum

286           370,4

Bylgjupappi, dagblöð, tímarit, skrifstofupappír  
og annar pappír ótækur til endurvinnslu

8,4           10,5

Bylgjupappi sem er tækur til endurvinnslu

0            0

Dagblöð, tímarit, skrifstofupappír

og annar pappír tækur til endurvinnslu

5,75        7,2

#### 3. gr.

Í stað lokamálsgreinar 4. gr. komi málsgreinin:

Íbúar sveitarfélaga sem söfnunarstöð þjónustar geta afhent allt að 50 kg af forflokkuðum úrgangi í einu án þess að greiða sérstaklega fyrir það, enda sé um heimilisúrgang að ræða.

4. gr.

Fjárhæðir skv. breytingu þessari á gjaldskrá nr. 233/2005, eru miðaðar við verðlag við setningu þeirrar gjaldskrár og skulu uppreiknaðar m.v. neysluvísitölu með sama hætti og aðrar fjárhæðir.

5. gr.

Breyting þessi á gjaldskrá, er samin og samþykkt af umhverfis- og náttúruverndarnefnd og staðfest af sveitarstjórn Fljótshéraðs 1. febrúar 2006, með stoð í 8. gr. samþykktar um meðhöndlun úrgangs á Fljótshéraði, nr. 232/2005, sbr. 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, og 11. gr. laga um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003.

Gjaldskrárbreyting þessi tekur gildi við birtingu.

*F.h. bæjarstjórnar Fljótshéraðs, 1. febrúar 2006,*

**Eiríkur B. Björgvinsson** bæjarstjóri.

\_\_\_\_\_  
*Anna Björk Hjaltadóttir*  
umhverfisfulltrúi.